

Skýrsla stjórnar 2020-2022

Lokaskýrsla stjórnar Beta-deildar fyrir árin 2020-2022, flutt á aðalfundi 27. maí 2022.

Ný stjórn Beta-deildar tók til starfa í ágúst 2020 en hana skipa Hildur Hauksdóttir formaður, Helena Sigurðardóttir varaformaður, Elín Elísabet Magnúsdóttir ritari, Hugrún Sigmundsdóttir starfaði með stjórn sem gjaldkeri og Sigríður Magnúsdóttir sem fráfarandi formaður.

Segja má að í stjórn hafi sest auka meðlimur, heimsfaraldur nokkur, sem reyndi ofurlítið á þolinmæðina. Markmið stjórnarinnar þessi tvö ár lituðust nokkuð af því. Einkunnarorð fyrri starfsárs stjórnar voru eiginlega *förum varlega og verum þolinmóðar*. Einhvern veginn kristallaðist þetta svo dásamlega í orðum leikskóladrengs. „Enginn elskar Covid. Nema Covid elskar Covid.“ Hann ásamt skólasystkinum sínum átti sviðið í myndbandi sem Beta- og Mý-deild sendu frá sér til að minna á alþjóðlegan dag kennara 5. október 2020. Svolítið bjartara var yfir seinna starfsári fráfarandi stjórnar og þá tókum við upp sígild einkunnarorð: *verum vakandi, verum virkar*.

Þessi tvö ár hafa samtals verið haldnir 13 fundir og þremur fundum verið aflýst vegna veiru. Nokkrir hafa verið rafrænir, einn utandyra en alltaf hafa fundirnir verið gefandi, nærandi og ljómandi vel sóttir. Beta-deild hefur notið þess að fá góða gesti þessi tvö starfsár. Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir var fyrsti gestur okkar haustið 2020 og fjallaði þar um nýútkomna bók sína, *Aldrei nema kona*. Þar ræddi hún efni sem stendur okkur nærri, lífsbaráttu formæðra okkar á þeim víðsjárverðu tímum sem 19. og 20. öldin voru. Skáldkonur áttu aftur sviðið á næsta fundi sem haldinn var í Kjarnaskógi. Undirbúningshópur rölti um skóginn með okkur, las ljóð um haustið og bauð upp á hressingu. Eftirminnilegur fundur. Jólafundurinn 2020 var rafrænn og í höndum Mý, Ný og Beta. Óskar Þór Halldórsson rithöfundur sagði okkur frá bók sinni um hjónin Sigurbjörn Finn Björnsson og Mundínu Þorláksdóttur á Ytri-Á við vestanverðan Ólafsfjörð. Beta-deild átti líka fallegt innlegg á þeim fundi þegar Ragnheiður Sigurðardóttir deildi með okkur bernskuminningum frá jólum á prestsetri. Jólafundurinn 2021 féll niður af illviðráðanlegum ástæðum.

Báðir bókafundirnir okkar þessi tvö starfsár voru rafrænir. Undirbúningshópar sýndu þar útsjónarsemi og tímastjórnun var til fyrirmyndar. Beta-systur fjölluðu samtals um 35 bækur, nær allar félagskonur lögðu orð í belg og lífleg skoðanaskipti áttu sér stað uppi í skýjunum. Vert er að geta þess, og hér nefnt til umhugsunar, að aðeins fimm karlhöfundar fengu að komast að í bókavali Beta-systra.

Fleiri gestir sóttu deildina heim og á vordögum 2021 sagði Ásthildur Sturludóttir okkur frá störfum sínum sem bæjarstjóri Akureyrarbæjar, af hugmyndum sínum um menntamál auk þess sem hún ræddi málefni landsbyggðarinnar sem eru henni hugleikin. Gestur lokafundar þess starfsárs var Dr. Valgerður S. Bjarnadóttir sem starfar við Menntavísindasvið HÍ. Erindi hennar fjallaði um yfirstandandi rannsóknir á áhrifum Covid-19 á fjölskyldulíf á Íslandi. Einnig kom hún inn á hugtakið „hugræn byrði kvenna“ og vísbendingar um að jafnréttismál á Íslandi séu mögulega ekki eins

langt komin og við viljum halda. Vorið kemur, heimur hlýnar hjarta mitt rauluðu Beta-konur og drifu sig út í ískalt vorið sem rann sitt skeið og við tók eitt hlýjasta sumar sem konur muna eftir.

„Þetta er að hafast“, sagði formaðurinn við konur að vori og það stóð á endum að haustið 2021 voru Beta-konur þokkalega bólusettar. Sólkysstar mættu þær á fyrsta fund vetrarstarfsins á gamla góða Hótel KEA. Þar fór fram inntaka nýrrar félagskonu, sem hafði frestast alltof lengi. Laufey Petrea Magnúsdóttir var tekin inn í Beta-deild, öflugur liðsstyrkur og öllum hnútum kunnug í mennta- og fræðslumálum.

Beta-konur fengu fleiri gesti og í október sl. mættu Vilborg Jóhannsdóttir og Inga Vestmann á fund. Þær standa fyrir öflugum fjáröflunarátaki í þágu Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis. Þær m.a. hnýta bleikar slaufur í staura við heimili og fyrirtæki í heimabyggð og vekja þannig athygli á málefni sem stendur okkur öllum svo nærri. Í mars kom Snorri Björnsson kynjafræðikennari í heimsókn og ræddi nálgun sína og annarra kennara í faginu á þessa mikilvægu námsgrein. Í kjölfarið fylgdu fjörugar umræður og skoðanaskipti. Svipað var upp á teningnum á rafrænum fundi í upphafi þessa árs þar sem Beta-konur hlustuðu á fyrirlestur Elvu Ýrar Gylfadóttur um upplýsingaóreiðu. Sá fyrirlestur vakti okkur til umhugsunar og leiddi til lærdómsríkrar umræðu. Síðasti hefðbundni fundur starfsársins var haldinn í Félagsborg á Hrafnagili. Gestur fundarins var Natalia Kravtchouk sem ólst upp í Úkraínu en bjó líka um tíma í Hvíta-Rússlandi. Hún setti núverandi ástand í Úkraínu í víðara samhengi og fræddi okkur sem þekkjum minna til. Frásögn þessarar hugrökku konu hreyfði við Beta-systur og hristi upp í þeim. Barátta hennar að sækja sér menntun og skapa betra og öruggara líf fyrir drengina sína á sér vart hliðstæðu í íslenskum veruleika.

Þá eru ótaldar þær Beta-systur sem deildu með okkur hugleiðingum sínum undir liðnum orð til umhugsunar. Helena velti vöngum um hvernig augnablik geta umturnað lífi okkar og hvatti okkur til að taka börnin til fyrirmyndar, skynja tímann sem augnablikið núna, litlu máli skiptir hvað gerðist áður og hvað gerist næst. Björk minnti okkur á að flækja líf okkar ekki að óþörfu. Þorgerður ræddi við okkur hversu mikilvægt er að við séum duglegar að leggja okkar af mörkum í félagsstarfi og styrkja tengslanetið. Magga flutti okkur hugleiðingu um íslenska náttúru og okkar dásamlegu flóru sem hún er óþreytandi að deila með okkur hinum. Aníta tengdi okkur við fortíðina með því að benda á að hugðarefni okkar og áhugamál eiga stundum rætur í kynslóðunum á undan. Það er þetta með lífsbókina.

Á þessum tveimur starfsárum hefur landssambandið þurft að laga sig að heimsfaraldri. Framkvæmdaráðsfundur var haldinn í október 2020, aðalfundur var haldinn í maí 2021, framkvæmdaráðsfundur í september 2021 en haustráðstefnunni 2021 var frestað. Vorráðstefnan 2022 fór fram ótrufluð af faraldrinum og má segja að nú séum við komin fyrir vind.

Eins og áður hefur verið komið inn á gekk Laufey Petrea Magnúsdóttir til liðs við samtökin okkar. Úr deildinni gekk Anna Jóhannesdóttir.

Gott og gaman er að geta þess að nú á yfirstandandi starfsári hafa reynslumeiri konur hist með reglulegu millibili að frumkvæði Þorgerðar Sigurðardóttur. Þessar

konur hafa að mestu yfirgefið atvinnulífið en viðhalda sínum félagsauð og styrkja tengslin. Til fyrirmyndar alveg hreint.

Þetta hafa verið lærdómsrík tvö ár. Ég vil nota tækifærið og þakka stjórninni minni fyrir samstarfið sem var óeigingjarnt og einkenndist af útsjónarsemi á krefjandi tímum. Ella, Hugrún, Helena og Sigga fá mínar bestu þakkir fyrir þolinmæði og ráðsnilld. Skuggastjórnin mín María og Eygló fyrir að svara öllum spurningum um „hvernig hlutirnir hafa alltaf verið.“ Fríða fær líka sérstakar þakkir fyrir að mæta fyrr og taka uppvaskið þar sem hún var hvort eð er að bíða eftir Ellu.

Fyrir hönd fráfarandi stjórnar óska ég þeirri næstu velfarnaðar. Höldum áfram að deila verkefnum með okkur, vinna í þágu deildarinnar, styðja konur í fræðslustörfum, styrkja konur og stúlkur sem búa ekki við sömu tækifæri og við, lærum hver af annarri og hvetjum.

Maí 2022

Hildur Hauksdóttir